

Hvalárvirkjun í Árneshreppi
Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps
vegna Hvalárvirkjunar

Umsögn og athugasemdir

Gunnar Njálsson

Grundarfirði

Álitsgerð Skipulagsstofnunar lá fyrir í apríl 2017 og kemur þar margt fram um þau gífurlegu umhverfisáhrif sem verða samfara þessu virkjunarferli.

Í matskýrslu Skipulagsstofnunar stendur:

Um er að ræða virkjunarframkvæmdir á að mestu leyti óbyggðu og ósnortnu svæði í Ingólfsfirði, Ófeigsfirði og á Ófeigsfjarðarheiði sem samanstanda af mörgum framkvæmdaþáttum, svo sem fimm stíflum, fjórum lónum, skurðum, göngum, stöðvarhúsi, veglagningu, efnistöku og haugsetningu. Áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda er töluvert umfangsmikið og nær til eyðibýggða og hluta af víðáttumiklu óbyggðu víðerni sem nær frá Steingrímsfjarðarheiði í suðri norður að Hornbjargi.

Jafnframt liggur fyrir að framkvæmdin hefur áhrif á vistkerfi, jarðminjar og landslag sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Vísast þar til 2., 3. og 61. gr. laganna, en forðast ber að raska náttúruminum sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laganna nema brýna nauðsyn beri til.

Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif Hvalárvirkjunar felist í umfangsmikilli skerðingu óbyggðs víðernis og breyttri ásýnd fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og landslagi þess, þar sem náttúrulegt umhverfi verður manngert á stóru svæði. Inngrip í vatnafar svæðisins verður mikið og mun rennsli í Hvalá, Rjúkanda og Eyvindarfjarðará minnka verulega og hafa áhrif á ásýnd vatnsfallanna, meðal annars fossins Drynjanda í Hvalárgljúfrum, fossaraðar í Eyvindarfjarðará, Hvalárfoss og Rjúkandafoss.

Hefur sala þeirra aðila sem eiga eignarlönd á Ófeigsfjarðarheiði á því svæði sem fyrirhugaðar framkvæmdir ná yfir, farið eftir lögformlegum leiðum, fengið umfjöllun og samþykki í hreppsnefnd Árneshrepps?

Undirritaður mótmælir öllum þeim áformum sem hafa verið lögð fram af virkjunaraðilum og hreppsnefnd Árneshrepps varðandi Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði. Svona fyrirhuguð aðför gagnvart náttúrunni á ekki að þekkjast nú til dags og brýtur í bága við alla alþjóðlega samninga og loforð sem ríkisstjórnir og almenningur á Íslandi hafa gert vegna umgengni við

Íslenska náttúru til framtíðar. Hringtengingu á raforkukerfi Vestfjarða er hægt að koma á án þess að stórskada ósnortna náttúru á Ófeigsfjarðarheiði.

Grundarfjörður 29. September 2017

Gunnar Njálsson